

Borgarholtsskóli
02 365

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Borgarholtsskóli
kt. kt. 700196-2169
Mosavegi, 112 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Borgarholtsskóli er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérlaga. Framhaldsskólinn er framsækinn og tæknivæddur nútímaskóli með fjölbreytt námsframboð.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 2.122,8 milljónir og afkoma kr. 20,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 21,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 293,4 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Borgarholtsskóla í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Borgarholtsskóla fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Ásta Laufey Aðalsteinsdóttir,
Skólameistari

(undirritar rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	2.008.350.722	1.896.602.438
Aðrar tekjur		14.393.000	14.514.000
Seld þjónusta		30.401.474	34.202.819
Vörusala		38.816.220	43.059.600
Framlög og ýmsar tekjur	3	9.612.000	6.374.873
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	21.194.668	21.073.311
Tekjur samtals		2.122.768.084	2.015.827.041
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4	1.508.194.281	1.506.670.951
Framlög og tilfærslur		0	851.178
Annar rekstrarkostnaður	5	572.601.469	536.457.503
Afskriftir	6	21.194.668	21.073.311
Gjöld samtals		2.101.990.418	2.065.052.943
Afkoma fyrir fjármagnsliði		20.777.666	(49.225.902)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		159	294
		159	294
Afkoma ársins		20.777.825	(49.225.608)
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	20.777.825	(75.994.430)
Rekstrartilfærslur		0	26.768.822
		20.777.825	(49.225.608)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7		
Áhöld, tæki og búnaður		76.158.219	69.491.474
Farartæki og vélar		9.366.390	10.743.608
Aðrar eignir		888.400	535.000
		<u>86.413.009</u>	<u>80.770.082</u>
Fastafjármunir samtals		<u>86.413.009</u>	<u>80.770.082</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	8	179.394.382	144.388.413
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	9	8.865.344	6.363.324
Handbært fé	10	18.773.108	24.872.441
		<u>207.032.834</u>	<u>175.624.178</u>
Veltufjármunir samtals		<u>207.032.834</u>	<u>175.624.178</u>
Eignir samtals		<u>293.445.843</u>	<u>256.394.260</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	11		
Hrein eign		21.066.996	289.171
		<u>21.066.996</u>	<u>289.171</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	8	671.350	5.087.100
Viðskiptaskuldir		22.213.168	12.757.861
Ýmsar skammtímaskuldir	12	161.283.793	159.530.496
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	13	88.210.536	78.729.632
		<u>272.378.847</u>	<u>256.105.089</u>
Skuldir samtals		<u>272.378.847</u>	<u>256.105.089</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>293.445.843</u>	<u>256.394.260</u>
Aðrar upplýsingar	14		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		20.777.825	(49.225.608)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	21.194.668	21.073.311
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(21.194.668)	(21.073.311)
		<u>20.777.825</u>	<u>(49.225.608)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(2.502.020)	123.817
Tengdir aðilar		(35.583.742)	(6.236.966)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		11.208.604	72.176.672
		<u>(26.877.158)</u>	<u>66.063.523</u>
		<u>(6.099.333)</u>	<u>16.837.915</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	7	(26.847.673)	(29.583.259)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		1.685.650	400.000
		<u>(25.162.023)</u>	<u>(29.183.259)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		25.162.023	29.183.259
		<u>25.162.023</u>	<u>29.183.259</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(6.099.333)	16.837.915
		<u>24.872.441</u>	<u>8.034.526</u>
		<u>18.773.108</u>	<u>24.872.441</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda af innritunargjöldum nemenda.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókom stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Skýringar

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

2021 2020

2 Tekjufærsla fjárveitinga

Fjárveiting ársins	2.008.350.722	1.896.602.438
Tekjufærsla frestaðra tekna	21.194.668	21.073.311
	<u>2.029.545.390</u>	<u>1.917.675.749</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	1.935.400.000	0	0	1.935.400.000
Launabætur	10.200.000	0	0	10.200.000
Millifært úr varasjóð	12.900.000	0	0	12.900.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	49.850.722	0	0	49.850.722
Fjárveiting til tekna	2.008.350.722	0	0	2.008.350.722
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(1.987.572.897)	0	0	(1.987.572.897)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	20.777.825	0	0	20.777.825

2021 2020

3 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	8.020.000	5.569.373
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	600.000	0
Ýmsar tekjur	992.000	805.500
	<u>9.612.000</u>	<u>6.374.873</u>

4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	1.227.457.789	1.180.334.938
Orlof, breyting	1.464.848	56.182.549
Launatengd gjöld	274.881.040	267.780.096
Starfsmannakostnaður	4.390.604	2.373.368
	<u>1.508.194.281</u>	<u>1.506.670.951</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	110,7	118,6
------------------------------	-------	-------

Skýringar

	2021	2020
5 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	4.286.745	2.768.466
Byggingarvörur, almennar	439.085	496.452
Tæki og búnaður til innréttinga	28.337.867	19.836.510
Ýmis tæki og áhöld	8.339.183	6.251.961
Varahlutir og viðhaldsvörur	3.959.424	3.787.910
Orkugjafar	17.469.211	17.920.042
Matvæli	11.962.975	6.360.039
Almennar rekstrarvörur	4.473.186	5.593.014
Vörukaup, almenn	79.267.676	63.014.394
Kennslu- og fönðurvörur	52.972.219	34.621.380
Ýmsar sérgreindar vörur	67.432	0
Vörukaup, sérgreind	53.039.651	34.621.380
Fundir, námskeið, risna	2.409.007	4.573.986
Ferðir, upphald	411.506	850.652
Akstur	1.211.493	1.806.602
Sérfræðiþjónusta	29.324.610	26.851.290
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	541.429	327.692
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	5.288.211	15.668.535
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	14.589.232	12.782.701
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	53.775.488	62.861.458
Afnotagjöld	21.543.052	20.623.282
Leigugjöld	345.463.865	336.949.119
Notkun véla og flutningatækja	450.250	800.617
Verkkaup	18.206.883	17.401.103
Tryggingar, lögboðnar	78.652	129.248
Opinber gjöld	336.136	56.902
Tilfærslur	439.816	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	386.518.654	375.960.271
Annar rekstrarkostnaður samtals	572.601.469	536.457.503
6 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	19.798.850	20.906.981
Farartæki og vélar	1.377.218	166.330
Aðrar eignir	18.600	0
	21.194.668	21.073.311

Skýringar

31.12.2021 31.12.2020

7 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	76.158.219	69.491.474
Farartæki og vélar	9.366.390	10.743.608
Aðrar eignir	888.400	535.000
	<u>86.413.009</u>	<u>80.770.082</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021	182.829.937	11.017.750	535.000	194.382.687
Viðbætur á árinu	26.475.673	0	372.000	26.847.673
Selt/úreitt á árinu	(1.199.966)	0	0	(1.199.966)
	<u>208.105.644</u>	<u>11.017.750</u>	<u>907.000</u>	<u>220.030.394</u>
Afskriftir 01.01.2021	113.338.463	274.142	0	113.612.605
Afskrift ársins	19.798.850	1.377.218	18.600	21.194.668
Selt/úreitt á árinu	(1.189.888)	0	0	(1.189.888)
	<u>131.947.425</u>	<u>1.651.360</u>	<u>18.600</u>	<u>133.617.385</u>
Staða 31.12.2021	<u>76.158.219</u>	<u>9.366.390</u>	<u>888.400</u>	<u>86.413.009</u>

31.12.2021 31.12.2020

8 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	176.901.388	144.388.413
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	2.492.994	0
	<u>179.394.382</u>	<u>144.388.413</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	671.350	5.087.100
	<u>671.350</u>	<u>5.087.100</u>

9 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður	2.512.906	295.767
Skattar	6.352.438	6.067.557
	<u>8.865.344</u>	<u>6.363.324</u>

10 Handbært fé

Tékkareikningar	18.773.108	24.872.441
	<u>18.773.108</u>	<u>24.872.441</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 31,8 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

Skýringar

11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2021	31.12.2020
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	289.171	49.514.779
Afkoma ársins	20.777.825	(49.225.608)
Jöfnuður 31.12.	<u>21.066.996</u>	<u>289.171</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2021	31.12.2020
12 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	57.754.935	56.290.087
Önnur ógreidd gjöld	<u>103.528.858</u>	<u>103.240.409</u>
	<u>161.283.793</u>	<u>159.530.496</u>

13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	86.413.009	80.770.082
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (umframráðstafað til fjárfestinga)	<u>1.797.527</u>	<u>(2.040.450)</u>
	<u>88.210.536</u>	<u>78.729.632</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	80.770.082	(2.040.450)	78.729.632
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	29.000.000	29.000.000
Bókfært verð seldra eigna	(10.078)	10.078	0
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	0	1.675.572	1.675.572
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	26.847.673	(26.847.673)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	<u>(21.194.668)</u>	<u>0</u>	<u>(21.194.668)</u>
	<u>86.413.009</u>	<u>1.797.527</u>	<u>88.210.536</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 19,5 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

Skýringar

14 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa til næstu ára. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 462 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 25 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.